

FERÐIR

LAUGARDAGUR 26. MAÍ 2012

Kynningarblað

Áhættustjórnun á miðhálandi Íslands, jarðskjálfti á Ítalíu, interrail, sólarlandaferðir, menningarferðir, söguferðir og fleira.



Fjölmargin spennandi gististaðir eru í boði í sólinni í sumar.



Indland er mikil upplifun sem gleymist seint.



Tenerife á Kanaríeyjum er vinsæll staður hjá Íslendingum allt árið.



Prag er af mörgum talin fegursta borg Evrópu.

MYNDIRÚR EINKASAFNI

Sól og ævintýri fram undan með Úrvali Útsýn

Úrval Útsýn býður upp á fjölda skemmtilegra og spennandi ferða í sumar og haust. Hvort sem ferðalangar vilja sól, verslun, skemmtigarða, menningu eða golf ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Fjöldi skemmtilegra og spennandi ferða er í boði hjá ferðaskrifstofunni Úrvali Útsýn á næstunni. Hefðbundnar sólarlandaferðir eru vinsælar hjá Íslendingum í sumar en ýmsir aðrir spennandi valkostir eru einnig í boði segir Margrét Helgadóttir, framleiðslustjóri hjá Úrvali Útsýn. „Við bjóðum upp á frábæra gistingu- og ferðamöguleika á fallegum sólarströndum, spennandi ævintýraferð til Indlands og skemmtilegar borgarferðir til Evrópu þar sem hægt er að njóta menningar, góðra veitingastaða og alls þess sem evrópskar stórborgir hafa upp á að bjóða. Ekki má gleyma golfferðum okkar sem lengja golf tímabilið hjá íslenskum kylfingum.“

Sumar og sól

Fjölmargin sólríkir og spennandi áfangastaðir eru í boði í sumar. Úrval Útsýn býður aftur ferðir til sólareyjunnar Mallorca á Spáni eftir nokkurra ára hlé. Margrét segir áfangastaðinn hafa fengið góðar viðtökur enda eiga marg-

ir góðar minningar þaðan. Annar vinsæll sólarstaður er strandbærinn Almería á Spáni sem sló rækleiga í gegn á síðasta ári. „Við bjóðum upp á marga frábæra gistingu- og ferðamöguleika þar fyrir fjölskyldur. Staðurinn býður upp á ekta spænska menningu enda koma Spánverjar þangað sjálfir í sumarfrí. Fyrir vikið er verðlag þar afar hagstætt.“ Þaðan er stutt í fjölda frábærra verslana, vatnsrennibrautagarð, sædýrasafn og margt fleira spennandi. Tenerife á Kanaríeyjum er sívinsæll viðkomustaður Íslendinga allt árið enda eyjan rómuð fyrir náttúrufergurð og veðursæld að sögn Margrétar. Úrval Útsýn býður einnig ferðir til strandbæjarins Albir á Spáni sem býður upp á líflegt andrúmsloft. Þaðan er stutt í Alteia, borg listamannsins, og glæsilegir fjölskyldu- og vatnskemmtigarðar eru nálægt.

Stórkostleg upplifun á Indlandi

Indland er heimur út af fyrir sig. Stórbrotin saga, falleg náttúra og merkileg menning gera ferðalag um Indland að mikilli upplifun sem



Margrét Helgadóttir, framleiðslustjóri hjá Úrvali Útsýn
MYNDIRÚR STEFÁN KARLSSON

gleymist seint. Boðið er upp á sautján daga ferð til Indlands í október. Ferðin hefst í höfuðborg landsins, Delhi, og þaðan er haldið af stað í ferðum um gullna þríhyrninginn, til Jaipur, Agra, Khajuraho og Varanasi. Ferðinni lýkur í suður Indlandi þar sem dvalið er á hinni guðdómlegu strönd Goa. Fararstjóri er Soffía Halldórsdóttir auk þess sem innlendir fararstjóri er með í för allan tímann. Slíkt fyrirkomulag á stóran þátt í að gera Indlandsferð ógleymanlega segir Margrét. „Við bjóðumst einnig til að skipuleggja Indlandsferðir fyrir smærri hópa, til dæmis útskriftarhópa, sem vilja fara á öðrum tímum.“

Borgarferðir í haust

Fjölbreytileiki borgarferða hefur aukist mikið undanfarin ár.

Úrval Útsýn býður upp á spennandi borgarferðir í haust til Prag, Berlínar, Dublin og Brighton. Prag er af mörgum talin fegursta borg Evrópu enda full af fallegum byggingum og sérstæðu umhverfi. Borgin hefur yfir að ráða fjölda af freistandi veitingastöðum og líflegum krám. Höfuðborg Pýskalands, Berlín, hefur mikla sérstöðu í sögunni enda fáar borgir jafn markaðar af sögu tuttugustu aldar og hún. Gamli miðbærinn er helsta aðdráttarafl Berlínar en borgin býður upp á flest allt á sviði menningar, skemmtanalífs og verslunar. Aðrir vinsælir áfangastaðir eru Brighton og Dublin. Litla London, eins og Brighton er oft kölluð, þykir bjóða upp á flest það sem höfuðborgin býður upp á nema á lægra verði. Dublin er með líflegri borgum Evrópu og er Íslendingum að góðu kunn enda hafa



þeir sótt hana heim í mörg ár til skemmtunar og verslunar.

Golf í sólinni

Haustið er tími fyrir golf ferðir og Úrval Útsýn býður upp á fjölda spennandi og skemmtilegra golf ferða í haust. „Við bjóðum upp á frábærar golf ferðir til Alicante á Spáni. Þar bjóðum við upp á tvö hótél sem standa bæði við golfvöllinn. Það er mjög stuttur akstur frá flugvællinum og glæsilegar íbúðir í boði.“ Íslenskir fararstjórar eru með í för í öllum golf ferðum. „Við bjóðum einnig upp á golf ferð til Írlands í haust. Völlurinn er í fimmtán kílómetra fjarlægð frá Dublin þar sem boðið er upp á ótakmarkað golf í fjóra daga.“ Að sögn Margrétar eru það helst hjón og vinahópar sem sækja í golf ferðir.




Hægt er að lesa nánar um allar ferðir Úrvals Útsýnar á heimasíðu þeirra, urvalutsyn.is.



Mjög lítið hefur breyst varðandi öryggi og eftirlit með ferðamönnum á undanförunum áratugum.

MYND/GVA



Björgunarsveitir hafa fimm sinnum í vetur þurft að bjarga leiðöngurum erlendra ferðamanna ofan af Vatnajökli.

MYND/EGILL ADALSTEINSSON

Í hættuför á hálendi án þess að þurfa að spyrja kóng eða prest

Nánast ekkert eftirlit er haft með ferðamönnum á miðhálandi landsins. **Sigurjón Hjartarson** segir í lokaverkefni sínu í verkefnastjórnun að það þurfi meðal annars að breyta lögum og reglum. Ef stórslys verður muni ferðamannaíðnaðurinn líða fyrir það í langan tíma. Í vetur voru björgunarleiðangrar fimm sinnum sendir á Vatnajökul til að bjarga erlendum ferðamönnum.

Lokaverkefni Sigurjóns Hjartarsonar í MPM námi í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík heitir Áhættustjórnun á miðhálandi Íslands. „Verkefnið fjallar um, í stórum dráttum, ferðamenn á hálendinu og hvernig þeim reiðir þar af. Ég hef sjálfur verið í Flugbjörgunarsveitinni í tvo áratugi og frá því ég byrjaði hafa þessi mál mjög lítið breyst. Ég einblíni svolítið á þann þátt í ritgerðinni,“ segir Sigurjón.

Hver sem er á Vatnajökul

Hann segir að hver sem er sem áhuga hafi geti farið í hættuför yfir Vatnajökul án þess að spyrja kóng eða prest. „Það er ekkert eftirlit haft með þessum aðilum. Til dæmis gæti rúta, full af ferðamönnum, komið úr Norrænu, keyrt upp á hálendið og ferðast

þar um í tvær vikur, keyrt svo til baka í Norrænu og enginn veit að hún og allir þessir ferðamenn hafi verið hér. Hvað gerist svo ef eitthvað myndi koma fyrir, farþegar yrðu fyrir slysi eða það byrjaði að gjósa einhvers staðar? Þá myndi enginn vita af þessu fólki og enginn færi að leita. Ef það yrði stórslys, sem verður væntanlega á endanum ef ekkert er aðhafst, hefði það geigvænlegar afleiðingar. Það myndi kosta það að túrisminn myndi væntanlega minnka til nokkurra ára og efnahagslegt tjón yrði þar af leiðandi mjög mikið. Dæmin erlendis frá tala sínu máli.“

Þarf að breyta lögum

Sigurjón telur að það þurfi að breyta lögum og reglum og að það eigi ekki að vera hægt fyrir

vanbúna erlenda ferðamenn að fara eftirlitslausir upp á hálendið. „Þegar björgunarsveitir eru kallaðar út kostar það þjóðarþjóf milljónir. Þegar þyrta er kölluð út er talan fljótt komin upp í margar milljónir. Það er ósanngjarnant að erlendir ferðamaður geti kostað íslenska þjóð svona miklar upphæðir. Það ætti að rukka þessa aðila, eða tryggingafélögin þeirra því þeir eru margir búnir að tryggja sig vel, fyrir að bjarga þeim. Það þarf að byrja á því að breyta lögum en það eru ekki stórvægilegar breytingar sem þyrfti að gera,“ segir hann.

Ýmislegt hægt að gera

Niðurstöður lokaverkefnis Sigurjóns voru á þá leið að ýmislegt er hægt að gera til að bæta úr þessum málum. „Það ætti að gera það

að skyldu að hafa hálendisleiðsögumenn með tilskilin leyfi í hverri rútu. Gera þarf átak í innheimtu trygginga fyrir leit og björgun að erlendum ferðamönnum. Samvinnu vantar á milli ráðuneyta fyrir þessa innheimtu og þyrfti að samhæfa hana. Í dag er eingöngu innheimt fyrir sjúkrahúsvist en sjaldnast fyrir leit og björgun eða flutning sjúklinga af slysstað, hvort sem það er í bíl eða þyrta. Það þarf að koma á einhvers konar stýringu á helstu ferðamannastaðina. Til dæmis mætti setja einstefnu á „Laugavegin“ og takmarka fjölda þeirra sem færu þar í gegn. Einnig mætti íhuga hvort koma ætti á einhvers konar tilkynningakerfi svipuðu því sem sjómenn nota. Svo þyrfti að breyta lögum og byrja á að koma lögum og reglu yfir hættu-

legustu staðina, svo sem Vatnajökul,“ segir Sigurjón.

Vatnajökull varhugaverður

Björgunarsveitir voru sendir af stað til að bjarga fimm leiðöngurum á Vatnajökli í vetur. Sigurjón telur að enginn erlendir leiðangur hafi farið á jökulinn síðastliðinn vetur og skilað sér niður sjálfur. „Þetta fólk segist hafa reynslu af jöklaferðum en Vatnajökull er sérstakur. Hitasveiflurnar eru meiri þar en annars staðar. Það getur verið rigning eina stundina en mikið frost þá næstu. Þessu eru útlendingar ekki vanir, venjan er að það sé bara frost en ekki bleyta. Þetta á eflaust bara eftir að versna, ferðamannatíminn er farinn að teygjast og fleiri fara um miðhálandið og lítilli sem engri löggæslu er haldið þar úti,“ segir Sigurjón. lilja.bjork@365.is

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlöð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is 512-5411 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýrlegur starfsvettvangur

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika

Innritun lýkur 31. maí

WWW.MK.IS

Ferðamálaskólinn sími: 594 4020



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN

FERÐAMÁLASKÓLINN

LEIÐSÖGUSKÓLINN



frá aðeins kr. **167.700**
með allt innifalið



Bodrum

í Tyrklandi

Heimsferðir bjóða ferðir til Tyrklands í allt sumar og fram á haust. Núna erum við með sérstakt tilboð á Hotel ISIS Resort ***** í Bodrum í Tyrklandi.

ISIS Resort *****

Frá kr. **167.700**
allt innifalið í 10 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 199.900 á mann. Sértilboð 12. júní í 10 nætur.



frá aðeins kr. **97.800**
í tvær vikur



Mallorca

Heimsferðir bjóða ferðir til Mallorca í allt sumar. Núna erum við með sérstakt tilboð á Hotel TRH Jardin Del Mar í Santa Ponsa.

Hotel TRH Jardin Del Mar

Frá kr. **97.800** í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 124.900 á mann. 12. júní í 2 vikur. Aukagjald fyrir hálf fæði kr. 30.400 fyrir fullorðinn og kr. 7.600 fyrir barn.



Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

Spjölluðu úti á götu eftir stóra skjálftann

Erna Svala Ragnarsdóttir býr með fjölskyldu sinni í Padova á Ítalíu. Hún segir að sér líði vel þar í landi, enda alltaf dreymt um að búa á Ítalíu. Um síðustu helgi varð mikill jarðskjálfti nálægt borginni sem Erna Svala og fjölskylda hennar fundu vel fyrir.

Padova er falleg borg sem er staðsett norðarlega á Ítalíu, um 40 km vestan við Feneyjar. Þar búa um 214 þúsund íbúar. Margar fornminjar má sjá í borginni. Erna Svala var fús til að svara nokkrum spurningum um líf sitt á Ítalíu.

Hvað ert þú að gera á Ítalíu? Njóta lífsins. Mig dreymdi alltaf um að búa á Ítalíu og við létum drauminn rætast.

Hvernig er að búa á Ítalíu? Frekar notalegt en örugglega allt öðruvísi en fólk heldur. Það er eitt að heimsækja land í sumarfrí og annað að búa þar.



Erna Svala Ragnarsdóttir býr í Padova á Ítalíu og líkar mjög vel þar.

Eru Ítalir almennilegir í daglegum samskiptum? Já, þeir eru mjög hjálplegir og notalegir en enskukunnátta þeirra er frekar takmörkuð sem setur pressu á mann að læra ítölskuna.

Hvað hefur komið þér á óvart? Hvað Ítalir eru ótækni-væddir og á vissan

hátt gamaldags. Einnig hvað þeir þurfa að tala mikið um allt og ekkert. Til dæmis eftir að stóri jarðskjálftinn reið yfir aðfaranótt sunnudagsins síðasta ruku allir nágrennar okkar út á stétt og ræddu málin í þaula í að minnsta kosti hálf tíma.

Hvada staðir eru mest spennandi í kringum þig? Flestir mundu eflaust segja Feneyjar en mér finnst litlu bæirnir í kring áhuga-verðastir.

Eru skemmtilegar göngu- eða hjólaleiðir í nágrenni við þig? Maður veit nú varla hvort á að mæla með því að vera mikið á reiðhjól eins og Ítalir aka bílum, mótórhjólum og vespum. Reyndar er auðvelt að finna litla stíga og vegi með fram öllum þeim aragrúa síkja og áveituskurða sem liggja út og suður í og kringum Padova og alveg niður að sjó.

Hvað gönguleiðir varðar þá má mæla með svæðinu við hæðirnar vestur af Padova (Eugaene) og einnig í vínræktarhéruðum í kringum Gardavatnið, norður af Verona.

Eru góðir veitingastaðir í kringum þig? Það eru svo margar góðar Trattoríur og Osteríur hérna í kring að listinn er langur. Einn af uppáhaldsveitingastöðunum okkar heitir Osteria Al Guerriero og er í Arquá Petrarca. Svo er annar hérna í Padova sem heitir Kofler, fyrrverandi vöruhús en í dag mjög flottur staður sem skiptist niður í bar, kaffihús og veitingahús þar sem hægt er að sitja úti í garði á sumrin.

Er gott að versla í borginni? Ítalía er þekkt fyrir fallega hönnun, bæði hvað varðar hús-



Padova er falleg borg með mörgum merkilegum minjum,

gögn og fatnað. Mér finnst skemmtilegast að versla mat, fara á markaðinn og kaupa alls kyns ferskt grænmeti og ávexti, kryddjurtir og blóm. Síðan kem ég við hjá slátraranum á leiðinni heim og kaupi kjöt og osta. En auðvitað kem ég af og til við í nokkrum skó-búðum.

Hefur þú ferðast um landið? Við höfum ferðast heilmikið hérna. Padova er mjög miðsvæðis sem þýðir að það tekur bara tæpa tvo tíma að aka að Gardavatni, rúma klukkustund til Verona, tæpa þrjá tíma niður til Flórens og Sienna og fjóra tíma til Rómur. Feneyjar eru stutt frá og sömuleiðis Albana Terma sem er þekktur sumarleyfisstaður með spa-hótelum og alls kyns lúxus. Það er eitthvað nýtt að skoða um hverja helgi.

Hvernig eyðir þú frítímanum? Við notum frítímann vel með því að skoða nærliggjandi svæði. Við förum á alls kyns söfn, tónleika og fleira. Fórum t.d. á stórt jarðarberja-festival fyrir stuttu og komum heim með stóran kassa af glænýjum jarðarberjum, yndis-



Padova er gamall háskólabær.



Stutt er frá Padova til Veróna, Feneyja, Flórens og fleiri spennandi staða á Ítalíu.

legt. Um síðustu helgi skoðuðum við lítinn, skemmtilegan dýragarð þar sem við upplifðum að stórt tigrisdýr skelti hrömmunum á stóra glerrúðu beint fyrir framan okkur og öskraði ógurlega. Það skemmtilega var að við náðum þessu á vídeó.

Stundum erum við bara heima, bjóðum vinum í mat eða röltum um Padova sem er mjög fallegur gamall háskólabær og Prato della Valle er eitt stærsta torg í Evrópu, umkringd 78 stytum af frægum ítölum, þó ekki Berlusconi. elin@365.is

SÉRFERÐ UM INDLAND

17. OKT - 3. NÓV 2012

Fararstjóri er Soffía Halldórsdóttir

Innifalið: Flug til og frá Indlandi og innanlandsflug skv. dagskrá. Gisting með morgunverði á 4 stjörnu hótélum á norður Indlandi. Gisting með morgunverði á 5 stjörnu hóteli á Goa. Hádegis og kvöldverðir í 10 daga ferð um norður Indland. Kvöldverður á lokakvöldi. Allur akstur á Indlandi. Skoðunarferðir skv. dagskrá. Íslensk fararstjórn. Innlendir fararstjóri í öllum ferðum.

Ferðin hefst í höfuðborginni Delhi en þaðan verður haldið af stað í hefðbundna menningarferð um gullna þríhyrningin, til Jaipur, Agra, Khajuraho og Varanasi. Í lok ferðar er haldið til suður Indlands þar sem dvalið verður í 5 daga við hina guðdómlegu strönd Goa.

Verð á mann frá:

569.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbylí.

EUROVISION

LAUGARDAGUR 26. MAÍ 2012

Kynningarblað Aðdáendur, bygging Kristalshallarinnar og lönd sem sitja eftir.



Áfram Ísland!

Eurovision
tilboð
NING'S



EUROVISION
SONG CONTEST
BAKU 2012

TILBOÐ 1 Tilboð fyrir tvo eða fleiri.

- Djúpteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
- Svínakjöt og grænmeti í drekasósu

Verð 3580 kr.

Verð aðeins 1790 kr. á mann

TILBOÐ 2 Tilboð fyrir tvo eða fleiri.

- Djúpteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt og grænmeti í plómusósu
- Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti
- Kjúklíngastrimlar í kókós karrýsósu

Verð 3780 kr.

Verð aðeins 1890 kr. á mann

TILBOÐ 4

Tilboð fyrir fjóra eða fleiri.

- Djúpteiktar rækjur með súrsætri sósu
- Svínakjöt í kryddhjúpi og grænmeti í plómusósu
- Kjúklíngastrimlar með kassewhnetum í drekasósu
- Woksteiktar karrýnúðlur með kjúklíngi, edamame baunum, grænmeti og sesam.

Verð 6760 kr.

Verð aðeins 1690 kr. á mann

NING'S

Suðurlandsbraut 6
Stórhöfða 17
Hlíðasmára 12
Sími 588 9899

Skóðu úrval veisluréttanna á www.nings.is

NORRÆNIR KEPPENDUR FRÁ FRAMANDI LÖNDUM

Það er eftirtektarvert með þátttakendur Norðurlandþjóðanna í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár að nokkrir þeirra eiga ættir að rekja út fyrir Norðurlöndin.

Loreen, sem keppir fyrir Svíþjóð, heitir réttu nafni Lorine Zineb Noka Talhaoui. Báðir foreldrar hennar eru marokkóskir Berbar. Hún er fædd í Stokkhólmi.



Norski Eurovision-keppandinn Tooji

Tooji, sem keppir fyrir Noreg, heitir Touraj Keshtkar. Hann er fæddur í Shiraz í Íran og flutti til Noregs þegar hann var ársgamall. Soluna Samay, sem keppir fyrir Danmörku, heitir Soluna Samay Kettel. Hún er fædd í Gvatemalaborg. Faðir hennar er Gerd G. Kettel, tónlistarmaður frá Þýskalandi, móðirin Annelis Ziegler, listakona frá Sviss. Soluna flutti með fjölskyldu sinni 10 ára frá Gvatemala til Danmerkur, þegar foreldrar hennar keyptu bújörð á Borgundarhólmi.

Pernilla Karlsson, sem keppti fyrir Finnland er Finnlands-Svíj, fædd í Finnlandi.

Íslensku þátttakendurnir eru, eftir því sem næst verður komist, alíslenskir í báðar ættir.



Haukur Johnson fyrir utan Eurovisionhöllina í Ósló fyrir tveimur árum.

+ OSTAR 12 STIG!

Allt fyrir Eurovision



Yfir 40
teygundir!



Osta- og ljúfmetisverslun
Nóatúni 17 • Sími 551 8400

www.burid.is

HEFUR ÞÚ SMAKKAÐ?

Karamellu frappó

með rjóma og
karamellusósu

Komdu á næsta
kaffihús **Te & Kaffi** og
bragðaðu svalandi
sumardrykki.



www.teogkaffi.is

TE & KAFFI

Hin sænska Loreen mun sigra í kvöld

Haukur Johnson er einn helsti Eurovision-aðdáandi landsins og hefur verið það frá því hann var smápolli. Hann hefur þrisvar verið viðstaddur úrslitakvöld. Hauki list vel á aðalkeppnina í kvöld og spáir Íslandi góðu gengi.

Haukur flutti til Stokkhólms síðastliðið haust. Eurovision-áhuginn fylgdi honum yfir hafið en Haukur lét ekki sitt eftir liggja í undankeppninni í Svíþjóð og mætti á úrslitin. „Loreen, sem vann keppnina hér í Svíþjóð, er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég er þess fullviss að hún muni bera sigur úr býtum í kvöld,“ segir Haukur. „Það er mikil stemning í Svíþjóð fyrir keppninni og landsmenn strax orðnir sigurglaðir. Margir Svíar segjast ekki horfa á keppnina en svo liggja þeir yfir henni,“ segir Haukur sem telur að Íslendingar eigi auðveldara með að viðurkenna áhuga sinn á keppninni.

Serbía, Ósló og Dusseldorf

„Ég hef farið þrisvar á fjórum árum á Eurovision-keppnina. Ég fór til Serbíu 2008, Ósló 2010 og Dusseldorf 2011. Það eru því nokkur viðbrigði fyrir mig að vera ekki í Bakú núna,“ segir Haukur. Hann segist ekkert hafa verið hissa á því að Ísland færi áfram. „Ég var alveg viss um það. Ég spái því að við lendum í kringum tíunda sætið. Annars er maður ekki dómbær á sitt lag og ég hef sjaldnast rétt fyrir mér um það. Við höfum allt til að vinna en því miður er sigursætið frátekið. Ég spái Svíum sigri en það eru nokkrir sem geta ógnað Loreen og þá helst Ítalía. Einnig gæti ég trúað að Engelbert Humperdinck gæti komið sterkur inn. Þau eiga það sameiginlegt að sviðsframkoman er einföld og fókussinn er á þeim allan tímann. Ég tel það keppendum til framdráttar samanber keppandann frá Albaníu. Mér fannst í undanriðlinum að þeir sem voru með flókna sviðsmynd kæmu verr út þar sem sviðið er íburðarmikið,“ segir Haukur.

„Íslensku keppendurnar stóðu sig mjög vel en mér fannst of mikið af litlum skotum með myndavélinni, til dæmis út í sal. Jóhanna Guðrún er gott dæmi um flott atriði þar sem myndavélin var á henni allan tímann.“

Veit allt um Eurovision

Haukur segist muna vel þann dag sem hann féll fyrir Eurovision. „Ég horfði á Gleðibankann á sínum tíma en minnst þess ekki að hafa horft á keppnina fyrir þann tíma. Árið 1990 kepptu Sigga Beinteins og Grétar Örvars og ég var að hjálpa bróður mínum að bera út sunnudagsblað Mogga. Það var enginn á ferli en við heyrðum allt í einu gríðarlegt fagnaðaróp frá íbúðum í kringum okkur. Þá fékk ég einhverja þjóðerniskennd gagnvart keppninni sem ég hef ekki losnað við. Ég varð forfallinn Eurovision-aðdáandi. Ég fór að taka upp keppnina og horfa á hana aftur. Núna þykist ég vita allt um flytjendur hvers árs frá þeim tíma.“

Attu þér uppáhaldsflytjanda? „Minn uppáhaldslagahöfundur er frá Serbíu og er einmitt með í keppninni núna. Hann heitir Željko Joksimović. Þetta er í fjórða skipti sem hann á lag í keppninni en annað skiptið sem hann syngur. Hann var kynnrir keppinnar þegar hún var haldin í Serbíu 2008. Ég var einu sinni á ferðalagi þegar ég stóð við hliðina á honum í röð á flugvelli. Ég held að ég hafi verið sá eini sem þekkti hann og fékk mynd af mér með honum.“

Stofnuðu aðdáendaklúbb

Nokkrir forfallnir aðdáendur Eurovision-keppinnar stofnuðu aðdáendaklúbb síðasta haust hér á landi og er Haukur einn þeirra. „Þetta er orðinn einn stærsti svona klúbb-



Haukur telur að Ísland verði í kringum tíunda sætið í ár.



Svíar telja að sín kona, Loreen, muni bera sigur úr býtum í kvöld.

ur í heimi og við erum með alþjóðlega viðurkenningu. Það þýðir að við fáum úthlutað sætum fremst í salnum ef við mætum á keppnina og getum veifað fánanum okkar. Hópurinn er orðinn óvenju sterkur enda telur hann 120 manns. Eurovision-hópurinn hittist reglulega og fékk meðal annars að sitja í salnum þegar þættirnir Alla leið voru teknir upp hjá RÚV. Eitt skiptið hittumst við og horfðum á öll löggin sem höfðu lent í öðru sæti í keppninni. Það er mjög skemmtilegt fyrir þessa aðdáendur að hitta aðra Eurovision-nörða,“ segir Haukur.

Hann segist vera sestur að í Svíþjóð, enda fann hann ástina þar og er kominn í sambúð. „Ég er samt alltaf með heimþrá,“ segir þessi helsti aðdáandi Eurovision-keppinnar.

elin@365.is



ÓTRÚLEGT AFREK

Kristalshöllin í Bakú í Aserbaídsjan var byggð á aðeins átta mánuðum sem er mikið afrek sé hugsað til stærðar og mikilfengleika hennar. Þýska byggingarfyrtækið Alphine var fengið þann 2. ágúst 2011 til að hanna og útfæra fjölnota hús sem tæki 25.000 áhorfendur. Þessi ótrúlega skammti byggingartími krafðist þess að hönnun hallarinnar fór fram samhliða byggingu. Þessi aðferð gerði gríðarlegar kröfur um góða heildaryfirsýn og samhæfingu milli hönnuða og verktaka á byggingarstað. Sambærilegt mannvirki tekur alla jafna um fjögur til fimm ár í hönnun og smíði.

Höllin er ekki hönnuð sem eiginlegt tónleikahús heldur fyrir innan-hússviðburði af ýmsum toga. Í stað þess að nota hefðbundna aðferð og steypa hluta hallarinnar er notast við stálvirki sem samanstendur af nokkrum sjálfstæðum einingum sem byggðar eru hver í sínu lagi. Við þetta sparaðist tími og hægt var að vinna við einingarnar sjálftætt áður en þær voru settar saman. Ysta lag hallarinnar er demantslaga og lýst upp með 9.500 led-ljósum. Hægt er að breyta um lit á yfirborðinu og forma þannig hin ýmsu merki líkt og gert var í undankeppnunum þegar fánalitir hvers lands birtust á yfirborði hallarinnar og vörpuðust út í náttmyrkrið.

VERSTA LAG SÖGUNNAR?

Versta Eurovision lag allra tíma, samkvæmt könnun aðdáendasíðunnar The Eurovision Times, er framlag Sviss frá árinu 2004. Lagið var flutt af Piero and the Music Stars og ber nafnið Celebrate. Ekkert íslenskt lag er á listanum. Í umsögn síðunnar segir að lagið sé hreinræktað popp fyrir börn með heimskulegum texta. Einnig er söngur Piero sagður vera hugsanlega sá versti í sögu keppinnar. Í lok lagsins var Piero orðinn svo andstuttur að hann var farinn að stynja og kreista fram orðin fremur en að syngja texta lagsins. Sviss fékk engin stig í keppinni það árið.



Back Roller classic: 23.900,- (parið)



Front Roller classic: 19.900,- (parið)



Back Roller city: 17.900,- (parið)



Bike Shopper: 14.900,-



Ultimate 5 stýristaska: 15.900,-



Down Town: 24.900,-



Messenger Bag: 20.900,-

Söluastaðir:
Kría Hólmaslóð 4 Reykjavík
Útilíf Holtagörðum Reykjavík

Framleitt í Þýskalandi

Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ sími 564 5040
www.hirzlan.com



EUROVISION
SONG CONTEST
BAKU 2012
Light your fire!

PAU SITJA EFTIR

Ekki fara allir sáttir heim frá Bakú því sextán lönd komust ekki áfram í aðalkeppnina í kvöld. Allar Norðurlandþjóðirnar keppa í kvöld fyrir utan Finnland.

Þau lönd sem sitja eftir með sárt ennið eru:

Svartfjallaland	Kýpur	Holland
Lettland	Slóvakía	Georgía
Rúmenía	Króatía	
Sviss	Slóvenía	Þótt löndin hafi ekki komist áfram í aðalkeppnina taka þau þátt í atkvæðagreiðslunni í kvöld.
Belgía	Búlgaría	
Finnland	Portúgal	
Ísrael	Hvíta-Rússland	

Offera
TAKE AWAY TILBOÐ

Eld Smúgjan 562 3838

SUÐURLANDSBRAUT 12 | LAUGAVEGUR 81 | BRAGAGATA 38a

1 **16" PIZZA** með tveimur áleggjum 1895,-

2 **16" PIZZA & 12" MARGARITA / HVITLAUKSBRÁUÐ** með tveimur áleggjum 2495,-

3 **16" PIZZA & 16" MARGARITA / HVITLAUKSBRÁUÐ** af matseðli 3495,-



NORDIC PHOTOS/GETTY

NEVER FORGET

Eurovisionpartí er ekki fullkomnað nema hægt sé að taka undir með Gretu Salóme og Jónsa. Lærðu því textann utan að og æfðu sviðsframkomu fyrir kvöldið.

She's singing softly in the night,
praying for the morning light.
She dreams of how they used to be
at dawn they will be free

Memories they haunt his mind.
„Save him from the endless night.“
She whispers warm and tenderly:
„Please come back to me.“

And when the golden sun arises
far across the sea.
The dawn will break as darkness
fades forever we'll be free

Never forget what I did, what I
said
when I gave you all my heart and
soul.
Morning will come and I know
we'll be one
'cause I still believe that you'll
remember me!

She mourns beneath the moonlit
sky,
remembering when they said
goodbye.
Where's the one he used to
know?
It seems so long ago.

And when the golden sun arises
far across the sea
The dawn will break as darkness
fades forever we'll be free

Never forget what I did, what I
said
when I gave you all my heart and
soul.
Morning will come and I know
we'll be one
'cause I still believe that you'll
remember me!

oooh

Never forget what I did, what I
said
when I gave you all my heart and
soul.
Morning will come and I know
we'll be one
'cause I still believe that you'll
remember me!
Oh I still believe that you'll
remember me!
Oh I still believe that you'll
remember me!

SAMEININGARTÁKN FYRIR EVRÓPU

Upphaf Eurovision má rekja til ítölsku söngvakeppninnar Festival di Sanremo. Markmið keppninnar var að búa til sjónvarpsviðburð sem væri sameiningartákn fyrir Evrópu. Fyrsta keppnin gekk undir nafninu Eurovision Grand Prix og fór fram 24. maí 1956 í Lugano í Sviss. Þar tóku sjö lönd þátt og hvert land flutti tvö lög. Síðan þá hefur keppninni vaxið fiskur um hrygg og eru þátttökulöndin í ár 42 þó að aðeins komist 26 áfram í lokakeppnina.

Ýmsar breytingar og útfærslur hafa verið á reglum keppninnar og framkvæmd. Kosningafyrirkomulagi hefur verið breytt ásamt því að bætt var við undankeppnum þegar löndunum fjölgaði. Nokkrar reglur hafa þó staðið frá upphafi. Hvert lag má til dæmis ekki taka meira en 3 mínútur í flutningi. Það þarf að vera frumsamið og má ekki hafa heyrst opinberlega fyrir 1. október árið áður en keppni er haldin. Eurovision söngvakeppnin er stærsti sjónvarpsviðburður í heimi sem sendur er út beint og ekki tengist íþróttum. 100-125 milljónir manna í yfir 45 löndum fylgjast með keppninni í sjónvarpi. Það má því segja að upphafsmarkmiði hennar verið náð og gott betur en það.



Léttar og bragðgóðar kalkúnasneiðar



Fitulítið og gómsætt kjöt
sem gaman er að grilla



Íslensk
framleiðsla

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is



Skráðu þig í
**NET-
KLÚBBINN**
á expressferdir.is



SAMAN Í SÓLINNI!

Barcelona og Costa Brava-ströndin

Verð á mann í tvíbýli frá
135.600 kr.

Sólarferð 29. júní-9. júlí

Þrjú dagar í hinn stórkostlegu Barcelona og svo afslóppun í viku á einni vinsælustu strönd Spánar, Costa Brava.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, 3 nætur með morgunverði á 3* Hotel Numancia í Barcelona og 7 nætur með morgunverði á Hotel Norai.

Costa Brava

Frábær áfangastaðir fyrir alla fjölskylduna!

Nú býðst sóldýrkendum að heimsækja þennan frábæra og fjölskylduvæna áfangastað á einstöku tilboðsverði. Aðeins örfá sæti laus á þessu verði, brottför 1. júní.

Xaine Park Hotel Lloret de Mar ★★★

Verð á mann í 7 daga, frá
79.200 kr.

Með morgunverði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Flugð út 1. júní.

TILBOÐSVERÐ!
Síðustu sætin

Flugið er til Barcelona með nýjum vélakosti Iceland Express, Airbus 320. Farþegum ekið til og frá Lloret de Mar gegn vægu gjaldi.

Guitart Central Park I Gold ★★★★★

Verð á mann í 7 daga, frá
88.300 kr.

Með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Flugð út 1. júní. Netverð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.000 kr.



Svartiskógur

Verð á mann í tvíbýli
183.900 kr.

Heilsa og lífstíll 11.-18. ágúst

Njóttu lífsins í fallegu umhverfi í Svartaskógi. Gönguferðir, fræðslufundir og ráðgjöf varðandi heilsu- og spa-meðferðir. Fararstjóri: Guðmundur Björnsson endurhæfingarlæknir og fyrrv. yfirlæknir á Heilsustofnun Hveragerðis.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 7 nætur á 3* Hotel Merkur ásamt morgunverði, 3 x kvöldverður, rúta til og frá flugvelli, heimsókn í sauna og slökun, skoðunarferð og íslensk fararstjórn.



Garda-vatnið

Verð á mann í tvíbýli frá
169.900 kr.

Ævintýraferð 14.-21. júlí

Fáir staðir í Evrópu hafa notið jafn mikilla vinsælda og Garda-vatnið í norðurhluta Ítalíu. Ævintýraleg menningarferð með Margréti Laxness.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli Le Palme ásamt morgun- og kvöldverði, akstur til og frá hóteli. Íslensk fararstjórn.



Edinborg með Gísla Marteini

Verð á mann í tvíbýli
79.900 kr.

Borgarferð 28. júní -2. júlí

Löng helgarferð til einnar fegurstu borgar Evrópu. Gísli Marteinn gjörþekkir Edinborg og ætlar að kynna þessa sögufrægu borg fyrir gestum á sinn einstaka hátt.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli ásamt morgunverði og íslensk fararstjórn.

★ Sveigjanlegir greiðslumöguleikar Finndu okkur á Facebook!

**BÓKAÐU
NÚNA!**
TAKMARKAÐ
SÆTAFRAMBOÐ

Express ferðir



Víða um heim sameinast ókunnugir í bíla til að komast frá A til B. NORDICPHOTOS/GETTY

Kostnaðinum haldið niðri

Road trip“ er sívinsæll ferðamáti en þá er billinn hlaðinn og keyrt borga, bæja og jafnvel landa á milli. Kostnaðurinn við slíkar ferðir er æði misjafn og getur auðveldlega hlaupið upp úr öllu valdi. Hér eru nokkur ráð til að spara aurinn.

Deilið bíl með öðrum

Víða um heim er orðið vinsælt að ókunnugir sameinist í bíla til að komast frá A til B og þess vegna á milli landa. Til eru fjölmargar heimasíður þar sem hægt er að komast í samband við aðra ferðalanga á sömu leið. Þannig má spara sér umtalsverðan bensín- og ferðakostnað auk þess sem það er umhverfisvænna að ferðast fleiri saman í stað þess að allir séu á einkabíl. Þessi aðferð er auk þess umtalsvert öruggari og skilvirkari en að fara á puttanum. Dæmi um síður sem halda utan um svona ferðir eru: erideshare.com og craigslist.org.

Leigið ódýran bílaleigubíl

Það eru ekki allir jafn hrifnir af því að fá far með öðrum enda þarf að vera nokkuð skrafhreifinn. Þá getur verið betra að veðja á bílaleigubíl ef eigin bíll er ekki fyrir hendi. Til er aragrú af bílaleigum en mikilvægt er að gera verðsamánburð. Skoðið síður á borð við hotwire.com og expedia.com.

Útbúið nesti

Með því að útbúa eigið nesti er hægt að komast hjá miklum útgjöldum enda vegasjoppur með þeim dýrustu sem völ er á. Eins

eru miklar líkur á að mataræðið á ferðalaginu verði fjölbreyttara og heilsusamlegra. Gott er að hafa kælibox meðferðis en þannig getur maturinn dugað í nokkra daga. Ef halda á í langferð er svo hægt að nesta sig reglulega upp í góðri matvöruverslun.

Tjaldið eða veljið heimagistingu

Einhvers staðar verður að halla höfði en gistikostnaður er jafnan stór útgjaldaliður á ferðalögum. Til að halda útgjöldunum í lágmarki má flakka á milli tjaldstæða en þá gildir að eiga góðan búnað. Eins hefur færst í vöxt að ferðalangar fái að gista á sófanum hjá gestrisnum heimamönnum. Á vefnum CouchSurfing.org er að finna fólk sem býður gistingu á sófanum víðs vegar um heim gegn vægu gjaldi. Verði þessi leið fyrir valinu gefst oft einstakt tækifæri til að kynna heimamönnum, venjum þeirra og menningu og oft verða til órjúfanleg vinaþönd.

Veljið ókeypis afþreyingu

Peningarnir eru fljótir að hverfa í skemmtigörðum á borð við Disneyland. Farið á ströndina, í fjallgöngu eða lautarferð í opinberum garði. Það er ávísun á frábæra skemmtun. Þá má þefa upp alls kyns ókeypis upp-ákomur, götu-hátíðir og tónleika og oft nægjanlegt að skoða heimasíður tiltekinnna bæja eða borga.



Allir ættu að prófa að fara á Interrail

Menntaskólaneminn Anna Margrét Ólafsdóttir fór á Interrail ferðalag um Evrópu í fyrrasumar. Hún segir það hafa verið frábæra upplifun.

Anna Margrét, 19 ára, stundar nám við Menntaskólann í Reykjavík. Síðastliðið sumar fór hún ásamt kærustu sinni á Interrail um Evrópu.

„Þegar keyptur er Interrailmiði fæst aðgangur að lestum í 30 Evrópulöndum. Margir nýta sér þessa miða, enda er þetta ódýr og skemmtileg leið til þess að skoða Evrópu. Erfitt er þó að skoða alla álfuna í einni ferð en einn Interrailmiði gildir í einn mánuð.“

Gott að hafa vin

Anna segir að það sé mikilvægt að hafa einhvern með sér á svona löngu ferðalagi. „Ég kynntist fullt af fólki en það er samt gott að hafa einhvern sem maður þekkir vel og treystir,“ segir Anna.

Hún ferðaðist í mánuð en ferðalagið byrjaði í Kaupmannahöfn. Þaðan var farið til Berlínar. Þær komu einnig við í Amsterdam, Róm, Feneyjum, París, London og Skotlandi. Margir Interrailfarar gista í tjöldum í norðanverðri Evrópu en þær voru svo heppnar að fá að gista í heimahúsum hjá vinafólki eða fjölskyldu í flestum borgunum. Þær voru þó á farfuglaheimilum í Róm og Feneyjum og hóteli í Kaupmannahöfn.

Allir að prófa

Anna Margrét segir að það þurfi allir að prófa að fara einu sinni á Interrail en hún ætlar sér að fara aftur í framtíðinni og fara þá austar í álfuna.



Anna mælir með Interrail-ferðum fyrir alla.

MYNDVALLI

„Það sem stóð upp úr er að við vorum alltaf á á ferðalagi,“ segir Anna, en henni fannst skrítið að koma heim og vera ekki lengur að ferðast næstum því daglega og vera alltaf að hlakka til þess að koma á næsta stað.

Góð reynsla

Þetta var í fyrsta skiptið sem Anna fór í svona stórt ferðalag og segir hún að þetta hafi verið skemmtileg reynsla og að hún hafi lært mikið af henni. „Það mikilvægasta er að hafa ferðafélaga sem maður þekkir vel og getur komist að samkomulagi við um hvert skal fara og hvað á að gera. Þegar stærri hópar fara saman á Interrail getur komið upp ósætti ef margir eru ósammála.“

Margt sem þarf að passa

Þegar farið er í Interrail ferðalag þarf að ýmsu að hyggja og margt

sem þarf að passa upp á. „Mikilvægt er að taka nógu stóran bakpoka með sér og ekki gleyma að pakka þyngstu hlutunum í miðjunna til þess að fara ekki illa með bakið,“ segir Anna Margrét en bakpokinn ætti aldrei að fara yfir 15 kíló.

„Gott er að taka með sér nokkra plastpoka fyrir óhreinu fötin og líka til þess að skipta niður dótinu í bakpokanum. Aðeins ætti að taka nauðsynlegar snyrti- og hreinlætisvörur og ekki gleyma naglaklippunum. Þá er gott að vera með veski innan klæða til að geyma passann, gjaldeyrinn, kortin og öll mikilvæg skjöl.“

Ekki kaupa mikið

Á síðunni www.interrailer.com er hægt að reikna út væntanlegan kostnað á ferðinni en ferðin getur verið mjög ódýr ef gist er í tjöldum og á gistiheimilum. „Þá er mikilvægt að vera ekki að versla of mikið. Þá þyngist bakpokinn og líttill peningur gæti verið eftir í lok ferðarinnar.“

gunnhildur@365.is



Bakpokinn ætti ekki að vera þyngri en 15 kíló.

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

Draumastarfið í draumalandinu Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

WWW.MK.IS

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

INNTRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN





Moska í Búkhara.



Borgarvirkið í Kazan



Registan torg í Samarkand.



Frá Moskvu.



Úsbeki hvílir sig í sólinni.

Spennandi ferðir um Rússland og Úsbekistan

Talsverð breyting hefur orðið á ferðavenjum Íslendinga á síðari árum en framboð á ferðum til fjarlæggra landa eykst stöðugt á kostnað sólarlandaferða. Þannig kjósa stöðugt fleiri Íslendingar að skoða fjarlæggar borgir og lönd í menningar- og söguferðum í stað þess að flatmaga á sólarströndum Suður-Evrópu. Ferðaskrifstofan Bjarmaland býður nú óvenjulegar ferðir á framandi staði.

Ein þeirra ferðaskrifstofa sem bjóða hópferðir fyrir Íslendinga á fjarlægur slóðir er Bjarmaland, ferðaskrifstofa sem skipuleggur ferðir til Rússlands og Úsbekistans á þessu ári. Þessi lönd voru Íslendingum lengi lokuð en stutt er síðan þau tilheyrðu Sovétríkjunum sem voru og hétu þar til í lok síðustu aldar.

Í ferðunum til Rússlands er boðið upp á siglingar á skemmtiferðaskipum, fyrri ferðin er 30. ágúst til 10. september en þá er siglt frá höfuðborginni

Haukur Hauksson framkvæmdastjóri Bjarmalands.

Moskvu til Pétursborgar. Síðari siglingin er frá Astrakhan-borg við Kaspíahaf til Moskvu, 23. september til 7. október. Í haust, 16. – 30. október, er síðan mikil ævintýraferð til Úsbekistans.

Margt framandi og áhugavert er að sjá þarna eystra og blaðamaður sló á þráðinn til Hauks Haukssonar, framkvæmdastjóra Bjarmalands ferðaskrifstofu, en hann bjó lengi á þessum slóðum. Haukur starfaði meðal annars sem fréttaritari Ríkisútvarpsins á þeim sögulegu tímum þegar fyrrum heimsveldið Sovétríkin var að leysast upp á tífunda áratugnum. „Þetta eru mjög vinsælar og flottar ferðir,“ segir Haukur. „Um er að ræða stóran pakka

þar sem allt er innfalið, þannig að ekki kemur til aukakostnaðar vegna rútuaksturs, leiðsagnar og skoðunarferða.“

Öll þægindi í boði

Fram kom í spjalli okkar að siglt er eftir skipaskurðum og á stöðvötnum en Rússar nota vatnaleiðirnar í hinu stóra landi mikið, bæði til vöru- og mannflutninga. „Hinar miklu ár í landinu, svo sem Volga, Don og Enisei, eru víðast skipgengar og hafa miklir skipaskurðir verið grafnir til að tengja vatnaleiðirnar en einnig er siglt eftir stöðuvötnum Onega og Ladoga við Pétursborg en Ladoga er stærsta stöðuvatn Evrópu. Í siglingunum eru öll þægindi í boði, allt frá morgunverðarhlaðborði til ýmiss konar skemmtiatriða á kvöldin. Þess á milli er farið í margvíslegar skoðunarferðir þar sem menningu og sögu fólksins á viðkomandi svæði eru gerð góð skil en í Rússlandi búa um 120 mismunandi þjóðir með mismunandi tungumál, menningu, trú og þjóðararfleið. Meðal annars er komið til Tatarstan, vel stæðs múslimalýðveldis við Volgu en þar er höfuðborgin Kazan sem hefur tekið miklum framförum á síðustu árum, ekki síst vegna olíu- og gastekna lýðveldisins. Höfuðborg Rússaveldis Moskvu-borg verður skoðuð hátt og lágt en hún er stærsta borg Evrópu með um 12 milljónir íbúa, saga borgarinnar er einstök allt frá því að

væringjar undir forystu Júra, hins langhenta, stofnuðu þar virki og settust að árið 1147. Á sínum tíma var borgin höfuðborg heimsveldis og ber hún mikil merki þess en arkitektúrinn ber víða merki gríðarlegs metnaðar og stórhugar. Moskvu er nú dýrasta borg heims og er það tengt uppgangi í efnahagslífi landsins á undanföllum árum og ber borgin þess mikil merki að lífsstandard Moskvubúa er með því hæsta sem gerist. Miklar andstæður eru á milli sveitaþorpa og stórborganna, ekki síst nú þegar efnahagsfarir eru sem skyldi í Rússlandi,“ segir Haukur enn fremur.

Ný borg daglega

„Eftir að siglingin byrjar er komið við í nýrri borg daglega en siglt er á nóttinni, þannig eru fimm borgir eða sveitaþorp heimsótt á leiðinni á milli Moskvu og Pétursborgar.“ Í Astrakhan – Moskvu siglingunni er komið við í níu öðrum borgum að undantöldum upphafs- og endaborginni, þeirra sögulegust er borgin Volgograd sem betur er þekkt undir sínu gamla nafni Stalíngrad. Þar biðu herir Hitlers-Þýskalands alvarlegan ósigur fyrir Rauða hernum og þar urðu þáttaskilin í Heimsstyrjöldinni síðari en mjög litlu munaði að þýsku stríðsvélinni tækist að ýta sovéska hernum ofan í Volgufljót í gríðarlegum bardögum 1942 - '43. Hefði það tekist hjá Þjóðverjum liti heimurinn eflaust öðruvísi út í dag



Eitt af þeim skipum sem siglt er á í ferðunum.

en Stalíngrad-orrustan var einn úrslitabardaga í heimsstyrjöldinni síðari. Upphaflega nafn borgarinnar er Tsaritsin en því nafni hét hún á árunum 1589 – 1925 en þá var hún nefnd eftir Kremlarbóndanum Jósef Stalín. Aðrar borgir á vatnaleiðinni frá Moskvu til Astrakhan eru t.d. Samara, Saratov og Kazan.

Þægilegur ferðamáti

Skipulag siglinganna er með þeim hætti að siglt er á nóttinni en deginum er varið í skoðunarferðir og aðra skemmtan, fullt fæði er í veitingasölum skipsins og fjölbreytt skemmtidagskrá tekur við á kvöldin. Haukur segir þennan ferðamáta mjög þægilegan og að skemmtisigling henti Íslendingum vel á allan máta.

Skipin eru af svokallaðri „302 típu“, lengdin er 130 m, djúprista er um 3 m og farþegafjöldi er 260 manns. Í áhöfn eru rúmlega 100 manns allt frá eldhúsi, þjónum og tónlistarmönnum til skipsstjóra en starfsfólk sér um að öllum líði sem best á meðan á siglingu

BJARMALAND FERÐASKRIFSTOFA

Nánari upplýsingar um ferðirnar má nálgast á heimsíðunni www.bjarmaland.is eða með því að senda tölvupóst á bjarmaland@bjarmaland.is Síminn er 770 5060 Bjarmaland er á Facebook. Kynningarfundur um ferðirnar verður laugardaginn, 9. júní kl. 15:00 í MÍR salnum (Meningartengsl Íslands og Rússlands) Hverfisgötu 105, Reykjavík.

stendur. Þessi skip henta mjög vel til mannflutninga á hinum miklu vatnaleiðum Rússlands og eru mikið notuð af heimamönnum, sérstaklega í skemmtiferðum. Þau eru smíðuð í massavís í Austurríki og Þýskalandi og hafa staðið sig með miklum ágætum. Siglingartíminn er á sumrin frá maí til október en á veturna þegar ár og vötn eru frosin eru skipin í þurrkví.



ÖRUGGUR FERÐAMÁTI

Flughræðsla angrar marga ferðalanga og suma meira en aðra. Til að draga úr hræðslunni má reyna eftirfarandi:

Ekki pakka niður á síðustu stundu. Þér líður betur ef allt er tilbúið á sínum stað í tíma.

Hafðu með þér afþreyingu.

Sökktu þér ofan í skemmtilega bók eða horfðu á notalega kvikmynd. Forðastu bæði les- og myndefni sem eykur á spennu og ótta.

Hafðu með þér nasl. Það veitir vellíðan að borða í flugi. Mundu eftir að drekka vel, helst vatn.

Ef kviðatilfinning læðist að í flugi má minna sig á að flug er margfalt öruggari ferðamáti en að aka bíl.

HVAÐ MÁ FARA MEÐ AF VÖKVA Í FLUG?

Vökva má ferðast með í handfarangri að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum, samkvæmt upplýsingum á síðunni www.caa.is:

Hver eining umbúða má að hámarki rúma 100 millilítra af vökva. Allar umbúðirnar verða að rúmast í gegnsæjum eins lítra plastpoka sem hægt er að loka með plastrennilás. Hverjum farþega er heimilt að hafa með sér einn poka. Með umbúðum er átt við flöskur, túpur, hylki og annað sem getur innihaldið vökva. Gosflöskur og dósir rúma flestar meira en 100 ml og eru því ekki leyfðar inn fyrir öryggishlið.


Gosflöskur og dósir rúma flestar meira en 100 ml og því ekki leyfilegar inn fyrir öryggishlið.



ÞÆGINDI Í LÖNGUM FLUGFERÐUM

Í löngum flugferðum skal reyna að standa upp öðru hvoru og hreyfa sig meðan á flugi stendur. Í sætinu er gott að teygja létt á hálsvöðvum og herðum, kálfum og rist og snúa ökklum og úlnliðum til að liðka liðina. Þá er gott að drekka vatn í flugi en minna af kaffi og áfengum drykkjum.

Athugið að klæðnaður sé þægilegur. Þá gæti verið sniðugt að hafa með mjúka sokka til að smeygja sér í eftir að hafa farið úr skónum í löngu flugi.



EKKI TAKA ALGJÖRT FRÍ

Hjá mörgum þýðir það að fara í frí að taka líka frí frá ræktinni eða þeirri skipulögðu hreyfingu sem þeir stunda í daglega lífinu. Farið er í fríið með því hugarfari að slaka algjörlega á og „gera ekki neitt“ og leyfa sér það sem hugurinn girnist í mat og drykk.

Þetta er eflaust ekki mjög sniðugt því mjög erfitt getur verið að koma sér aftur í hefðbundna rútinu þegar fríinu er lokið. Það eru ýmsar leiðir til að setja æfingar og skipulagða hreyfingu inn í dagsskipulagið í fríinu. Þó má ekki setja markið of hátt og ætla að æfa eins og venjan er heima. Einhver hreyfing er alltaf betri en engin.

Ef stefnan er sett á að gista á hóteli er ágætt að kanna aðstöðuna áður en haldið er af stað. Sum hótél og gististaðir bjóða upp á heilsurækt, skipulagða tíma eða gönguferðir. Einnig má athuga hvort einhverjar góðar hlaupaleiðir séu í nágrenninu. Ef förinni er heitið í sumarbústað má einfaldlega skella hlaupaskónum eða gönguskónum (eða jafnvel báðum þörum) ofan í tösku og fara út að hlaupa og njóta þess sem fyrir augu ber. Varðandi mat og drykk er allt í lagi að leyfa sér meira en venjulega en það er óþarfi að fara offari og standa á blístri eftir hvert mál. Það er eflaust best að halda sig við hið fornkveðna, í fríi jafnt sem heima við; allt er best í hófi.



Það getur verið erfitt að koma sér aftur í hefðbundna rútinu eftir að fríi lýkur og fara að hreyfa sig reglulega. NORDIC PHOTOS/GETTY

flugrútan



**Reykjavik
Excursions**
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kaupu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.

Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu strikamerkið með snjallsímanum þínum

